

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 2012 í máli nr. S-1906/2011:

Ákærvaldið

(Hólmsteinn Gauti Sigurðsson saksóknari)

gegn

Lárusi Welding og

(Óttar Pálsson hrl.)

Guðmundi Hjaltasyni

(Pórður Bogason hrl.)

Með ákæru embættis sérstaks saksóknara 14. desember 2011 og framhaldsákæru 28. febrúar 2012 er ákærðu, Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni, gefið að sök umboðssvik, í störfum sínum fyrir Glitni banka hf. með tilgreindri lánveitingu til einkahlutafélagsins Milestone, sem talin eru varða við 249. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með bókunum verjenda ákærðu á dskj. nr. 24 og nr. 28 gerðu verjendur ákærðu kröfu um að máli þessu yrði vísað frá dómi. Var sú krafa að stofni til byggð á því að tilteknir rannsakendur í málinu hefðu gerst brotlegir við 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í tengslum við umfangsmikil störf rannsakendanna fyrir þb. Milestone ehf. á sama tíma og þeir unnu að rannsókn málsins. Var ætlunin að málið yrði flutt um þá kröfu í þinghaldi í dag. Með bókun á dskj. nr. 22 í þinghaldi 6. júní sl. boðaði sækjandi að embætti sérstaks saksóknara myndi láta framkvæma skoðun og greina sérstaklega tilgreind atriði varðandi rannsókn málsins og skila niðurstöðum í formi greinargerðar. Varðaði það atriði ætluð brot tveggja starfsmanna embættis sérstaks saksóknara. Í upphafi þinghalds í dag þegar flytja átti málið um frávísunarkröfu verjenda lagði sækjandi fram greinargerð um skoðun og greiningu tiltekinna atriða í tilefni af máli ákærvaldsins gegn Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni. Verjendur ákærðu hafa mótmælt því að greinargerð þessi verði lögð fram í málinu og krafist úrskurðar dómsins um það atriði.

Af hálfu varnaraðila, Lárusar Welding og Guðmundar Hjaltasonar, er þess krafist, að sækjanda verði meinud framlagning dskj. nr. 41.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist að kröfum varnaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði heimilað að leggja fram dskj. nr. 41.

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess að sérstakur saksóknari hafi með vísan til 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 kært mál tveggja rannsakenda til ríkissaksóknara. Í kærinni felist sú efnilega afstaða sérstaks saksóknara að rökstuddur grunur sé uppi um brot á ákvæðum laga nr. 19/1940 um brot í opinberu starfi við rannsókn í málinu. Ljóst sé að við rannsókn ríkissaksóknara á hlutlægum og huglægum skilyrðum refsíabýrgðar samkvæmt þeim ákvæðum þurfi með einum eða öðrum hætti að staðreyna þau atriði sem sérstaklega séu tilgreind í bókun sérstaks saksóknara á dómskjali nr. 22. Í því ljósi og með tilliti til grunnreglna íslensks réttar um valdmörk stjórnvalda sé embætti sérstaks saksóknara, hið lægra setta stjórnvald, þannig ekki valdbært til að láta fara fram þá innri rannsókn sem lýst sé í bókuninni á meðan ríkissaksóknari, hið æðra stjórnvald, hafi málið til meðferðar á grundvelli 35. gr. laga nr. 90/1996. Innri rannsókn sé því ólögmat og teljist til valdþurrðar.

Í þinghaldi 6. júní sl. hafi því verið lýst yfir af hálfu ákærvalds að sú innri rannsókn embættisins sem nú hafi farið fram og lýst sé í greinargerð gæti eftir atvikum leitt til afturköllunar ákæru. Meðal annars af þeim sökum sé ótvírætt að hæfisreglur stjórnvísingur eigi við um þá sem komi að afmörkun þeirra rannsóknaratriða sem hin innri rannsókn embættis sérstaks saksóknara lúti að svo og framkvæmd hennar. Ljóst sé að þær upplýsingar sem fyrir liggja um verulega persónulega og fjárhagslega hagsmuni rannsakendanna af rannsóknarniðurstöðum í málinu og augljóslega skortur á fullnægjandi eftirliti sérstaks saksóknara með störfum rannsakendanna hjá embættinu og utan þess hafi orðið til mikils álitshnekkis fyrir sérstakan saksóknara og embætti hans. Blasi við að vísun máls þessa frá dómi vegna slíkra annmarka á rannsókninni yrði verulegt áfall fyrir embættið og trúverðugleika þess. Sé því óhjákvæmilegt að líta svo á að fyrir hendi séu aðstæður sem séu til þess fallnar að draga í efa óhlutdrægni sérstaks saksóknara til að afmarka og láta framkvæma þá innri rannsókn sem fram hafi farið og að aukinheldur séu fyrir hendi aðstæður sem séu til þess fallnar að efast um óhlutdrægni þeirra starfsmanna við embætti hans sem komið hafi að rannsókninni. Um hæfi rannsakenda til rannsóknar máls fari eftir stjórnvísingulögum nr. 37/1993, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1996. Sé vísað til 5. og 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 37/1993 varðandi hæfi þeirra til meðferðar máls. Ákærðu haldi því fram að hagsmunaárekstur í störfum rannsakenda fyrir ákærvaldið annars vegar og hins vegar einkaaðila, eða hætta á slíkum hagsmunaárekstri, séu slíkir að óhjákvæmilegt sé að draga hæfi rannsakendanna í efa. Rannsókn málsins sé ólögmat og háð bersýnilegum annmörkum. Greinargerð sérstaks saksóknara á dskj. nr. 41 sé ekki sönnunargagn um hæfi rannsakenda. Sérstakur saksóknari og starfsmenn hans hafi því verið vanhæfir í skilningi stjórnvísingulaga til að koma að málinu, sbr. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. nr. 37/1993

Loks feli sú skoðun og greining sem birtist í greinargerð sækjanda í sér mat á þáttum sem með réttu hafi átt undir XIX. kafla sakamálalaga nr.88/2008 um matsgerðir. Þar sem reglum þess kafla laganna, svo sem um dómskvaðningu matsmanna, hæfi þeirra og rétt ákærðu til að gæta hagsmuna sinna við framkvæmd matsins, hafi ekki verið fylgt, sé sú matsgerð sem greinargerðin feli í sér með öllu þýðingarlaus sem sönnunargagn í málinu.

Sóknaraðili mótmælir málflutningi varnaraðila í þessum þætti málsins. Greinargerðinni sé ætlað að upplýsa málið til að betur megi leggja grundvöll að framvindu þess. Ekkert sé því til fyrirstöðu að greinargerðin verði lögð fram við meðferð málsins áður en málið verði flutt um frávísun þess.

Niðurstaða:

Fyrir dyrum er málflutningur um kröfu verjenda um frávísun málsins. Byggir sú krafa á því að rannsókn málsins sé verulega áfátt í ljósi þess að tilteknir rannsakendur hafi á sama tíma og þeir unnu að rannsókn málsins unnið fyrir þrotabú einkahlutafélagsins Milestone og notað í þeim störfum sínum trúnaðarupplýsingar úr lögreglurannsókninni. Hafi þeir verið vanhæfir til rannsókna og meðferðar málsins. Dómskjali nr. 41 er af sóknaraðila ætlað að varpa ljósi á tiltekin atriði í tengslum við rannsókn málsins. Er hennar ekki aflið að frumkvæði dómsins, heldur að eigin frumkvæði sérstaks saksóknara og er henni upphaflega beint til þess embættis en ekki dómsins. Veitir skjalið öðru fremur upplýsingar um tiltekin atriði í framvindu rannsókna málsins og hvernig henni hafi verið háttað.

Fyrir dóminum liggur krafa verjenda um frávísun málsins frá dómi. Við úrlausn um þá kröfu hefur dómurinn við að styðjast rannsóknargögn málsins, sem og þau gögn og bókanir sem fram hefur verið lagt undir meðförum málsins fyrir dómi. Ekki er fyrirfram unnt fyrir dóminn að meta hvaða þýðingu þessi gögn geti haft við úrlausn um frávísun og kemur það fyrst til úrlausnar eftir málflutning þar um. Gildir það sama um dskj. nr. 41 og verður því ekki fullyrt að skjalið sé tilgangslaust. Með hliðsjón af þessu, sbr. og 3. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008, verður hafnað kröfu verjenda ákærðu og ákærvaldi heimilað að leggja fram dskj. nr. 41.

Úrskurð þennan kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, Lárusar Welding og Guðmundar Hjaltasonar, um að sóknaraðila verði meinuð framlagning á dskj. nr. 41, er hafnað.

Símon Sigvaldason

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 27. júní 2012